

Ed. 305. Frumvarp til laga [69. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað lán til togarakaupa.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað — eða fyrir hlutafélög, sem kaupstaðirnir, báðir eða hvor um sig, eru þátttakendur í — lán til kaupa á einum togara fyrir báða eða sínum togara fyrir hvorn. Ábyrgðirnar mega vera fyrir upphæðum, er nema allt að 90% af kaupverði togaranna, enda sé kaupverðið ekki óðlilega hátt að áliti ríkisstjórnarinnar. Auk veðs í togurunum skulu settar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.